

REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI

FORVAL FYRIR ALÞINGISKOSNINGAR
25. APRÍL 2009



VINSTRI GRÆN
www.vg.is

TIL FÉLAGA Í VINSTRIHREYFINGUNNI – GRÆNU FRAMBOÐI Í REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI

Kæru Vinstri grænu félagar í Reykjavík

Aftur er komið að því að við veljum þá sem leiða eiga lista Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík á listum til alþingiskosninga. Félagsfundur VGR ákvað að fara skyldi fram forval sem verður leiðbeinandi fyrir kjörstjórnina við uppstillingu á listana. Í þessu riti eru kynntir þeir 32 einstaklingar sem vilja gefa kost á sér til að vinna framgang hugsjónum flokksins okkar um félagslegan jöfnuð, kvenfrelsi, umhverfisvernd og friðarstefnu.

Hver frambjóðandi fékk tækifæri til að kynna sig á einni síðu í ritinu, segja frá sjálfum sér og greina frá helstu baráttumálum sínum. Í ritinu er einnig að finna leiðbeiningar um kosninguna, upplýsingar um utankjörfundaratkvæðagreiðslu, póstkosningu og kjörfund.

Kjörstjórnin hvetur ykkur til að skoða vel upplýsingarnar um frambjóðendur sem fram koma í ritinu.

Í samræmi við stefnu VGR og þá hugmyndafræði sem við viljum hafa í heiðri ákvað félagsfundur VGR að kynning á frambjóðendum skyldi vera miðlæg og auglýsingar einstaklinga í forvalinu eru ekki leyfðar. Það er því félagið sem gefur þennan bækling út og stendur fyrir þeirri kynningu sem fram fer á frambjóðendum.

Forval eins og það sem fram á að fara 7. mars er mikilvæg og flókin félagsleg aðgerð. Auk þess að kanna vilja félagsmanna um það hverjir leiði lista flokksins í Reykjavík er forvalið líka liður í því að efla forystusveit okkar, kynna stefnuna og fjölga í röðum flokksmanna.

Kjörstjórnin í Reykjavík óskar öllum frambjóðendum góðs gengis og hvetur ykkur kjósendur til að fjölmenna á kjörstað 7. mars næstkomandi og taka líka þátt í kosningavökunni sem haldin verður til að kynna þá tíu einstaklinga sem flest atkvæði fengu.

Svanhildur Kaaber
formaður kjörstjórnar VGR



BRYNJA BJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR

REYKJAVÍK

FÆDD 28. JÚNÍ 1990

3.-4. sæti

Brynja er formaður Ungra Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu. Hún er ógift og barnlaus, á lokaári formálabrautar í Menntaskólanum í Reykjavík og starfar sem framkvæmdastjóri Ad Astra ehf. Hún er Vinstri græn fram í fingurgóma og hefur verið virk í flokksstarfinu frá árinu 2005. Frá þeim tíma hefur Brynja verið meðstjórnandi í landsstjórn UVG, formaður og varaformaður UVG í Reykjavík og frá síðastliðnu hausti hefur hún verið formaður UVG á höfuðborgarsvæðinu.

Brynja leggur áherslu á:

Kvenfrelsi: Vændi, mansal, heimilisofbeldi, klám og kynferðislegt ofbeldi eru mikil ógn við kynfrelsi kvenna. Brynja vill fara sænsku leiðina, austurrísku leiðina, banna nektardans og sjá til þess að dómskerfið taki á ofbeldi gegn konum. Kynbundinn launamunur á ekki að vera til, hvorki útskýrður né óútskýrður. Kominn er tími til að mikilvægi kvennastétta sé viðurkennt, líka í launaumslaginu. Kynjafræði ætti að vera kennd á öllum skólastigum og þá ekki síst í kennaranámi.

Sjálfbæra þróun og umhverfisvernd: Á öllum sviðum samfélagsins vill Brynja að sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi og að hún verði fléttuð inn í alla ákvarðanatöku. Sú hugsun að ganga aldrei á höfuðstólinn gildir sérstaklega um umhverfið. Brynja vill efla almenningssamgöngur, fullnýta vörur og endurnýta. Einnig hvetur hún til þess að stutt verði við umhverfisvæna framleiðslu.

Frið: Ísland á að vera hlutlaust, herlaust og utan hernaðarbandalaga. Í samræmi við það ætti að leggja niður Varnarmálastofnun og segja Ísland úr NATO.

Velferð: Heilbrigðis- og velferðarkerfið er hornsteinn samfélagsins. Það á að vera öflugt og aðgengilegt öllum, óháð efnahag eða búsetu, fötlun eða uppruna. Fólk á að geta lifað með reisn alla ævi og þar skiptir heilbrigðis- og velferðarkerfið lykilmáli.

DAVÍÐ STEFÁNSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 14. OKTÓBER 1973

2.-3. SÆTI



Davíð er bókmenntafræðingur og hefur síðastliðin ár unnið sem grafískur hönnuður og skrifað greinar um menningu og bókmenntagagnrýni. Hann er meðlimur í skáldahópnum Nykri og hefur gefið þar út fjórar bækur en auk þess rekur Davíð textafyrirtækið Yddarann, heimasíðuna ljóð.is og situr í stjórn Rithöfundasambands Íslands. Davíð á tvö börn og er í sambúð með Höllu Gunnarsdóttur.

Davíð er friðarsinni og feministi og lítur á jöfnuð og félagslega sam hjálp sem leiðina að vel virku samfélagi. Næstu ár verða íslensku samfélagi erfið og það er grundvallaratriði að við stjórnvöllinn verði vinstri stjórn sem forgangsraðar í velferðarkerfinu af skynsemi og virðingu fyrir mannlegri reisn. Davíð vill breyttar leikreglur í stjórnámálum: Að flokkarnir vinni raunverulega saman, að þingmenn virði stjórnarskrána og kjósi einungis eftir eigin sannfæringu, að leyndarhyggja verði upprætt í starfsemi stjórnámálaflokka og Alþingis og tekin upp gagnsæ vinnubrögð með skýrri upplýsingaskyldu yfirvalda.

Davíð trúir því að óskorað og langvarandi vald spilli góðu fólki og vill hverfa frá pýramída-módeli stjórnámálaflokka, stofnana og ráðuneyta sem býður upp á valdabaráttu, spillingu og smákónga. Hann vill ennfremur endurskoða hugmyndir okkar um fulltrúalýðræði og gera breytingar á kosningalöggjöfinni sem færa kjósendum meira og beinna vald til að kjósa sína fulltrúa.

Eftir hrun bankannavarð Davíð virkur þátttakandi í skipulagningu borgarafundanna, hélt ræðu á einum slíkum og tók þátt í hugmyndavinnu með Lýðveldisbyltingunni um bættu stjórnsýslu, aukið gagnsæi, breytt kosningalög og skýrari leikreglur í lýðræði á Íslandi. Davíð hefur útbúið persónulega síðaskrá og heilindayfirlýsingu sem er að finna á heimasíðu hans.



EINAR GUNNARSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 24. NÓVEMBER 1949

3.-4. sæti

Einar er byggingafræðingur og blikksmiður, fráskilinn þriggja barna faðir. Hann lauk blikksmiðanámi frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1976 og hlaut meistararéttindi árið 1980. Hann starfaði sem blikksmiður til ársins 1998 þegar hann hóf eftirlitsstörf hjá borgarverkfræðingi. Frá árinu 2007 hefur hann starfað við eftirlitsstörf og hönnun hjá Mannviti.

Einar hefur gengt margvíslegum trúnaðarstörfum í nefndum og ráðum fyrir Reykjavíkurborg og verkaldýshreyfinguna, auk þess sem hann hefur verið formaður stjórnar Félags Blikksmiða, formaður sveinsprófsnefndar í blikksmiði, formaður stjórnar Þjóðleikhúskórsins og formaður Alþýðubandalagsfélags Reykjavíkur.

Helstu áherslur Einars eru:

Hlutfall hagnaðar fjármála- og tryggingafélaga renni í lánasjóð fyrir félagslegt húsnæðiskerfi. Lánað verði út á lágum vöxtum sem nemi 0,5 % ofan við verðbólgu. Vextir af húsnæðislánum verði frádráttarbærir frá sköttum.

Nýting náttúrunnar í samvinnu við náttúruna. Virkjun vistvænna orkugjafa sem eru atvinnu- og arðsemisskapandi.

Nýting auðlinda hafsins undir eftirliti sem byggir á sjálfbærri endurnýjun. Auðlindir hafsins verða þjóðareign og leigðar út. Leigutekjur renni til frekari rannsókna á auðlindum hafsins og til eftirlits.

Allt framhaldsnám verði lánshæft og hluti námslána breytist síðar í námsstyrki sé námi lokið á tilsettum tíma.

Vaxtatekjur og hagnaður hlutabréfa verði skattlagður á sama hátt og launatekjur.

Mismunandi skattaþrep.

Gert verði ráð fyrir aukinni þátttöku almennings í ákvarðanatöku hins opinbera með lagasetningu. Lýðræði er þátttaka.

Frelsi, jafnrétti og bræðralag.

ELÍAS HALLDÓR ÁGÚSTSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 9. MAÍ 1963

7. SÆTI



Elías er kerfisstjóri við Reiknistofnun Háskólans. Hann er sérfróður um tölvupóst og hefur unnið við rekstur internetþjónustu bæði innan Háskólans og í einkageiranum í rúmlega tólf ár. Þar áður vann hann sjálfstætt, nam lögfræði við Háskólann, vann hjá Sýslumanninum í Reykjavík, vann við þýðingar WordPerfect, uppritun úr ritum Lærdómslistafélagsins, lærði kvikmyndagerð í London International Film School (nú London Film School), nam latínu og grísku við Háskólann, útskrifaðist frá fornmálabraut Menntaskólans við Hamrahlíð. Hann er fráskilinn en í sambandi.

Elías leggur mesta áherslu á borgaraleg réttindi, minnkað framkvæmdavald og aukið sjálfstæði þjóðarinnar gagnvart erlendu auðvaldi. Hann telur mikilvægt að Ísland verði sjálfbært um orku.



FRÍÐRIK DAGUR ARNARSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 8. NÓVEMBER 1956

5. sæti

Friðrik er framhaldsskólakennari, kvæntur Sigyn Eiríksdóttur jarðfræðingi og framkvæmdastjóra. Þau eiga Friðrik Aðalstein, fæddan 1993, Eirík Hákon, fæddan 1995 og Örn, fæddan 1997 en Sigyn á einnig Guðmund Hallgrímsson sem er fæddur 1987 (listamaðurinn Mundi).

Friðrik er Mývetningur að uppruna, stúdent frá MA, með B.A. gráðu í sagnfræði og uppeldisfræði, B.S. gráðu í landafræði, kennararéttindi frá HÍ og var í ferðalandafræði í Hróarskeldu. Hann var kennari í Mývatnssveit á árunum 1980-90 og hefur kennt í Kvennaskólanum í Reykjavík frá 1993. Friðrik var landvörður í 19 sumur og hefur unnið að umhverfismálum og ferðamensku í áratugi. Hann hefur tekið virkan þátt í félagsstarfi, svo sem í ungmennafélagshreyfingunni, umhverfissamtökum, kórum og íþróttafélögum. Hann hefur gegnt ýmsum störfum fyrir VG, var varaformaður velferðarráðs Reykjavíkur í 100 daga, situr í umhverfis- og samgönguráði og er varamaður í menningar- og ferðamálaráði, menntaráði og leiðir nú umhverfishóp VG.

Baráttumál Friðriks grundvallast á lýðræði, félagshyggju og sjálfbærri þróun. Hann vill m.a. beita sér fyrir:

- Átaki í umhverfismálum, auknu vægi þeirra við ákvarðanatöku og forgangsröðun, eflingu náttúruverndar, umhverfisfræðslu og eftirliti með framkvæmdum og friðlýstum svæðum.
- Róttækum aðgerðum í loftslagsmálum.
- Að stjórnvöld standi vörð um grunnþjónustu í almannabágu.
- Átaki í menntamálum og nýsköpun.
- Öflugum, umhverfisvænum landbúnaði og heimavinnslu, eflingu ferðaþjónustu og að kvótanum verði komið í hendur þjóðarinnar.
- Markvissri byggðastefnu og auknum skilningi milli höfuðborgar og dreifbýlis.

FRIDRIK ATLASON
REYKJAVÍK
FÆDDUR 5. DESEMBER 1975
4. SÆTI



Friðrik er fæddur og uppalinn í Reykjavík. Hann er kvæntur Olgu Antonsdóttur leikskólakennara og á með henni tvö börn, Elvar Aron 8 ára og Matthildi 4 ára. Foreldrar Friðriks eru Unnur Jónsdóttir leikskólastjóri og Atli Gíslason alþingismaður. Friðrik er forstöðumaður á sambýli og hefur starfað að málefnum fatlaðra í um áratug. Hann nam heimspeki við Háskóla Íslands en er stúdent úr MS.


Friðrik er í stjórn SFR-Stéttarfélags í almannabjónustu og situr einnig í ritnefnd félagsins. Hann hefur m.a. komið að gerð kjarasamninga, unnið að kvenfrelismálum og lagt kapp á að virkja ungt fólk. Hann er gjaldkeri Foreldrafélags Leikskólans Mýrar og Starfsmannafélags SSR. Hann situr í borgarmálaráði VGR. Hann hefur unnið að átaksverkefnum Feministafélags Íslands gegn nauðgunum.

Í gegnum störf sín hefur Friðrik kynnst því hve öryrkjum og fötluðum er oft þröngur stakkur skorinn. Búsetuúrræði og atvinnumál þeirra þarf að laga. Það er brýnna nú en nokkru sinni að þessi hópur eigi sér öflugan málsvara á Alþingi.

Eftir gallsúra stemningu síðustu ára er nauðsynlegt að efla vitund launafólks um stéttarfélög og hvernig megi efla þau. Nú þegar að kreppir er nauðsynlegt að vaka vel yfir þeim réttindum sem unnist hafa síðustu áratugi og stöðva strax í fæðingu vilja stjórnvalda til að skerða þau.

Kvenfrelismál eru Friðriki hugleikin og segir hann óþolandi að sjá hversu lítið hefur þokast í þeim þrátt fyrir að lausnir séu til.

Friðrik langar að koma að þeirri uppbyggingu sem nú fer í hönd. Stefna VG í friðarmálum, umhverfisvernd og atvinnumálum er stefna sem honum hugnast og hann telur sig geta haft góð áhrif á framkvæmd hennar.



GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 6. JÚLÍ 1947

2. sæti

Guðmundur er lærður leikari og lék fyrst hjá LR og síðar Þjóðleikhúsinu. Árið 1976 varð Guðmundur fyrir slysi í Frakklandi og hefur síðan verið lamaður og notast við hjólastól. Hann stundaði nám í talmeinafræði við háskólann í Lundi á árunum 1986-1992 og starfaði í eitt ár við Vesturhlíðarskóla og sem forstöðumaður dagvistar Sjálfsbjargarheimilisins. Guðmundur starfar nú sem ráðgjafi í aðgengismálum fyrir Aðgengi ehf.

Guðmundur hefur setið í stjórnnum og nefndum í Sjálfsbjörg, lagt áherslu á aðgengismál og er í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins. Hann var formaður ferlinefndar ÖBÍ og fulltrúi bandalagsins í bakhópi umhverfisráðuneytisins um ný skipulags- og byggingarlög, er fulltrúi ÖBÍ í nefnd félagsmálaráðuneytisins um lögleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um rétt fólks með fötlun. Guðmundur er í stjórn SEM og varaformaður ÖBÍ.

Guðmundur var einn af stofnendum Vinsti grænna og í fyrstu stjórn Reykjavíkurfélagsins. Guðmundur hefur lengst af setið í stjórn flokksins á landsvísu, tekið þátt í stefnumótun, einkum í málum er varða almannatryggingakerfið, málefni fatlaðra og velferðarkerfið í heild. Guðmundur hefur tvisvar tekið sæti á Alþingi á undanförunum kjörtímabilum.

Guðmundur vill spyrna fæti við þeirri taumlausu markaðs- og frjálshyggu sem rikistjórnir landsins hafa staðið fyrir á liðnum árum. Hann vill reisa við velferðarkerfið að norrænni fyrirmynd og laga það að nútíma kröfum um mannréttindi í samvinnu við þá sem málin varða. Það þarf að berjast gegn því misrétti sem stöðugt eykst með sjálfbært samfélag að leiðarljósi og standa vörð um náttúru landsins um leið og hún er gerð aðgengileg sem flestum.

Guðmundur vill með framboði sínu miðla af reynslu sinni og þekkingu og berjast fyrir réttindum og kjörum alls almennings.

GUNNAR SIGURÐSSON

KÓPAVOGI

FÆDDUR 23. FEBRÚAR 1973

2.-3. SÆTI



Gunnar kemur frá Ólafsvík en hefur verið búsettur á höfuðborgarsvæðinu í aldarfjórðung. Hann hefur fengist við margvísleg störf, til að mynda fiskvinnslu, útkeyrslu, sjómennsku, framkvæmdastjórn, iðnaðarmennsku, skrifstofustjórn, dagskrárgerð, ritstörf, verkefnastjórn, æskulýðsstörf og matreiðslu, svo dæmi séu tekin. Gunnar er heimavinnandi faðir sem lýkur meistaranámi í stjórnsýslufræðum frá Háskóla Íslands í vor. Kona Gunnars er Agnes Guðjónsdóttir, lögfræðingur við sýslumannsembættið í Reykjavík og saman eiga þau Óskar Inga. Fyrir á Gunnar eina dóttur, Emblu Laufey.

Áherslumál Gunnars snýr að forvali flokksins. Gunnar bendir á að nær allir þingmenn flokksins sækjast eftir sömu sætum á listum og þeir skipuðu til Alþingiskosninga árið 2007. Gunnar telur því að útlit sé fyrir óbreytta skipan forystusveitar flokksins enda afar erfitt að velta sitjandi þingmönnum úr sæti nema með miklum dugnaði og elju. Gunnar óttast að VG verði þar af leiðandi eini flokkurinn sem ekki hlýði á háværar kröfur um endurnýjun, bæði af hálfu kjósenda flokksins, óákveðinna kjósenda, sem og flokksfélaga hreyfingarinnar. Gunnar skorar því á flokksfélaga að huga vel að forvali og líta á endurnýjun sem tækifæri en ekki ógn. Gunnar býður flokksfélögum að hringja í sig í síma 691 6300 og ræða við hann um hans helstu pólitísku áherslumál sem spanna yfir öll ráðuneytin.



HEIMIR BJÖRN JANUSARSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 24. ÁGÚST 1962

5. sæti

Heimir er fæddur og alinn upp á Akranesi, giftur Sólveigu Ólafsdóttur sagnfræðingi og verkefnastjóra í ReykjavíkurAkademíunni. Hann á 3 börn, þau Hallstein 25 ára, Þórhildi 20 ára og Ásgerði 15 ára. Heimir lauk námi í prentsmíði og vann við það fag í 10 ár. Árið 1992 fór hann í Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi og útskrifaðist þaðan 1994. Árið 1995 réð hann sig til Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma sem garðyrkjumaður og hefur starfað þar síðan, þar af síðustu 5 ár sem forstöðumaður Gufunesgarðs. Strax að loknu námi í Garðyrkjuskólanum varð hann formaður Félags garðyrkjumanna og sat í miðstjórn Samiðnar fyrir þeirra hönd og sinnti ýmsum trúnaðarstörfum fyrir þau samtök. Hann hefur verið félagi í VG frá stofnun og setið í stjórn Reykjavíkurfélagsins síðustu 3 ár.

Heimir telur að nú sé tækifæri til þess byggja upp nýtt samfélag þar sem heiðarleiki, hreinskilni og réttlæti verða höfð að leiðarljósi. Hann vill að væntanlegt stjórnlagabing taki sér góðan tíma við endurskoðun stjórnarskrárinnar, að almenningur eigi greiðan aðgang að þeim fundum, verði upplýstur um störf þess þings og fái að kjósa um niðurstöðuna í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Heimir vill að Evrópumálin verði tekin á dagskrá og að umræðan um þau verði fræðandi og upplýsandi þannig að fólk geti myndað sér sjálfstæða skoðun og fái að kjósa um hvort hafnar verði aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Heimir vill að fiskveiðistjórnunarkerfið verði endurskoðað í heild sinni, komið verði í veg fyrir framsal kvóta og að kvótinn verði byggðatengdur að hluta.

HÖRÐUR ÞÓRISSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 2. JÚLÍ 1987

5. SÆTI



Hörður Þórisson, bróðir fólksins stefnir á 5. sætið.

Hörður er fæddur og uppalinn í Reykjavík. Hann er nú stoltur íbúðareigandi og býr í miðbæ höfuðborgarinnar ásamt kærustu sinni til 5 ára, Margréti Lilju Vilmundardóttur, nema í guðfræði. Foreldrar Harðar búa í Árbænum en vegna aðstæðna fjölskyldunnar er hann reynslumikill í hagsmunargæslu fatlaðra. Hörður hefur starfað við umönnun fólks með fötlun frá 16 ára aldri. Jafnhliða námi í sálfræði við HÍ starfar Hörður Þórisson á áfangameili og gegnir þar starfi trúnaðarmanns. Áður hafði hann lokið félagsliðanámi frá Borgarholtskóla og stúdentsprófi.

Nauðsynlegt er að allir aldurshópar eigi sinn talsmann á þingi. Hörður vill auka lífsgæði þeirra sem minna mega sín og standa vörð um hagsmuni þeirra. Hann mun berjast gegn öllu er skerðir réttindi fólks í heilbrigðis- og félagsmálum, kostnaðarsamri lækniþjónustu og háum lyfjakostnaði. Hörður ber hag námsmanna fyrir brjósti og vill stuðla að jafnrétti til náms óháð efnahag.

Sem náttúruunnandi vill Hörður standa í vegi fyrir frekari skemmdum á lífríki landsins. Hann telur að auðvelda leiðin sé ekki alltaf rétta leiðin. Nýta þarf betur hugvit menntaðra og hugsandi Íslendinga.

Jafnrétti kynjanna er ofarlega í huga Harðar. Kjara- og réttindamunur er óáfsakanlegur. Hörður mun berjast fyrir því að eyða þeim mun ásamt því að vernda og bæta hag fjölskyldufólks. Uppspretta visku, forvarna og fyrirmynda er innan veggja heimilanna. Nú er tími aðgerða og endurskipulagningar.

Lifi jafnrétti, viska og gjöfult félagslegt samfélag.



JÓN SIGFÚS SIGURJÓNSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 20. MAÍ 1951

3.-5. sæti

Jón Sigfús er héraðsdómslögmaður, kvæntur Jóhönnu Halldórsdóttur. Þau eiga saman þrjú börn en áður átti Jón Sigfús fjögur börn. Hann varð stúdent frá MR árið 1971, lærði líffræði við HÍ á árunum 1972-1974 og lauk embættisprófi frá lagadeild HÍ árið 1988. Hann starfar sem lögmaður og löggiltur FFS í Reykjavík og hefur verið stundakennari við HÍ og HR frá 2007.

Jón Sigfús leggur áherslu á að leysa vanda barnafólks og tryggja búsetuöryggi til að draga úr neikvæðum afleiðingum á yngstu kynslóðina m.a. með eflingu íbúðalánasjóðs. Tryggja þarf rekstrargrundvöll atvinnulífsins. Gera verður rannsóknaraðilum kleift að sinna störfum við rannsókn efnahagsbrota í tengslum við bankahrunið svo unnt verði að beita úrræðum við að kyrrsetja eignir auðmanna. Ekki má rasa um ráð fram við ákvarðanatöku um aðildarumsókn að Evrópusambandinu og tryggja þarf upplýsta umræðu meðal þjóðarinnar áður en þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram. Nauðsynlegt er að endurskoða stjórnarskrána sem fyrst með grundvallarhugmyndir þrískiptingarinnar í huga til þess m.a. að draga úr ráðherraræði. Íslendingar verða að efla nýsköpun atvinnulífs m.a. með stuðningi við sprotafyrirtæki. Útrýma þarf kynjamisrétti í öllum myndum og styðja áfram hugmyndafræði um sjálfbæran atvinnurekstur til sjávar og sveita og auka veg ferðapjónustunnar. Góða umgengni og virðingu fyrir íslenskri náttúru verður að setja í öndvegi. Jón Sigfús býður fram krafta sína við það endurreisnarstarf sem fram undan er og leggur áherslu á að þar séu hin félagslegu gildi og réttlæti höfð að leiðarljósi.

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

REYKJAVÍK

FÆDD 1. FEBRÚAR 1976

1. SÆTI



Katrín Jakobsdóttir er varaformaður Vinstrihreyfingarinnar- græns framboðs. Hún útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum við Sund árið 1996 og lauk meistaraprófi í íslensku haustið 2004. Lokaritgerð Katrínar fjallaði um samfélagsmynd íslenskra glæpasagna. Katrín var varaborgarfulltrúi Reykjavíkurlistans og vann við kennslu og útgáfustörf allt þar til hún tók sæti á Alþingi vorið 2007 eftir að hafa leitt lista Vinstri grænna í Reykjavíkurborg norður. Katrín er gift Gunnari Sigvaldasyni og saman eiga þau tvo syni, Jakob, fæddan 2005 og Illuga, fæddan 2007. Hún gegnir núna embætti menntamálaráðherra í ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar.

Íslenskt samfélag á erfiða tíma framundan. Þróun samfélagsins mun velta á því hvaða stefnu íslenskir kjósendur taka í komandi þingkosningum. Við stöndum nú í rústum þess frjálshyggjukerfis sem hægristjórnir undanfarinna 18 ára hafa byggt upp. Katrín telur að leiðin framundan verði að miðast við sígild vinstrigildi: Jöfnuð og traust velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd, jafnrétti kvenna og karla, öflugt menntakerfi og fjölbreytt atvinnulíf. Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar — þar sem ekki er gengið á höfuðstól efnahags, samfélags og umhverfis — er leiðin til að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum og svarið við loftkenndri gróðahyggju síðustu áratuga. Vinstri græna leiðin hefur aldrei átt betur við.



KJARTAN JÓNSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 2. MAÍ 1960

2.-4. sæti

Kjartan lauk stúdentsprófi frá Flensburg í Hafnarfirði, BA í íslensku og MA í þýðingafraeðum frá HÍ. Hann starfar sem þýðandi, ritstjóri, íslenskukennari hjá Alþjóðahúsi og framkvæmdastjóri Múltikúlti (multikulti.is). Kjartan er kvæntur Sólveigu Jónasdóttur, mannfraeðingi og á fjögur börn: Sögu, Óskar, Jónas Hákon og Ingu Sóleyju.

Á árunum 1990 til 1991 stóð Kjartan, ásamt hópi ungs fólks, fyrir grænum framboðum til borgarstjórnar og Alþingis, auk þess sem hann sat í stjórn Sorpu fyrir Reykjavíkurlistann frá 1994 til 1998. Umhverfismál eru honum því hugleikin.

Rauði þráðurinn í pólitískum áherslum Kjartans eru húmanismi og mannréttindapólitík, sjálfbær þróun, innflytjenda-, friðar- og þróunarmál – umfram allt réttur komandi kynslóða til mannsæmandi lífs. Sú lýðræðisbylting sem kallað er á um allt samfélagið er mannréttindakrafa. Þar vill Kjartan leggja áherslu á mikilvægi þess að opna fyrir aðkomu almennings til áhrifa á milli kosninga. Í atvinnu- og efnahagsmálum leggur hann áherslu á að Íslendingar byggi á íslensku hugviti og reynslu, fiskveiðum, útgerð, ferðamennsku, virkjun jarðhita, rannsóknum og nýsköpun.

Kjartan býður fram krafta sína til að byggja upp nýtt Ísland, þar vill hann umfram allt vera talsmaður baráttu og bjartsýni.

KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

REYKJAVÍK

FÆDD 31. JÚLÍ 1955

1.-2. SÆTI



Kolbrún Halldórsdóttir er umhverfisráðherra í núverandi ríkisstjórn, hún hefur setið á Alþingi fyrir VG síðan 1999 og hefur þann tíma setið í menntamálanefnd og umhverfisnefnd þingsins. Hún er gift Ágústi Péturssyni kennara, þau eiga tvö börn, Orra Hugin 28 ára og Ölmú 13 ára, og eina nýfædda sonardóttur.

Kolbrún gefur kost á sér til áframhaldandi setu á Alþingi fyrir VG í komandi kosningum og er reiðubúin að skipa áfram forystusveit VG.

Kolbrún hefur verið einn helsti málsvari umhverfis- og náttúruverndarmála á Alþingi síðustu 10 ár og hefur lagt fram fjölda þingmála í þeim málaflokki. Á vettvangi VG hefur hún verið virk í stefnumótuninni, hún var t.d. annar tveggja ritstjóra umhverfisstefnu flokksins, „Græn framtíð“. Hún hefur verið ötull talsmaður hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og vill að verksvið umhverfisráðuneytisins verði útvíkkað, þannig að það gegni hlutverki umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Hún leggur mikið upp úr samspili umhverfismála og atvinnuuppbyggingar og telur nauðsynlegt að koma á sjálfbærri atvinnustefnu.

Kolbrún er áhugasöm um mennta- og menningarmál og telur fjölda atvinnutækifæra liggja í skapandi samstarfi skólafólks og listamanna. Hún er talsmaður þess að sófn og safnastarfsemi verði eflað, auk þess sem hún vill virkja þau tækifæri sem liggja í menningararfi þjóðarinnar. Kolbrún hefur lagt mikið af mörkum á vettvangi kvenfrelismála. Hún hefur lagt fram fjölda þingmála sem varða kynbundið ofbeldi og verið í fararbroddi baráttunnar fyrir því að kaup á vændi verði gerð refsiverð. Hún vill lögleiða „austurrísku leiðina“ og vill að komið verði á virkri aðgerðaáætlun gegn mansali hér á landi. Kolbrún hlaut jafnréttisviðurkenningu Stígamóta 2008.



KRISTJÁN KETILL STEFÁNSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 11. FEBRÚAR 1979

3.-5. sæti

Kristján er með meistaragráðu í kennslufræði raungreina frá Háskólanum í Ósló með landafræði sem aukagrein. Hann er nú aðjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og hefur fjölbreyttan starfsferil að baki í landbúnaði, byggingarvinnu, vegagerð og kennslu.

Kristján sat í stjórn Ungra vinstri grænna starfsárið 2007-2008 og hefur tekið virkan þátt í flokksstarfinu á undanförunum árum. Kristján var formaður Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands á árunum 2001-2003 og formaður Félags íslenskra stúdenta í Ósló og nágrenni á árunum 2004-2006. Hann sat auk þess í stjórn Sambands kennaranema á Norðurlöndum á árunum 2002-2005. Sambýliskona Kristjáns er Steinunn Rögnvaldsdóttir háskólanemi.

„Ég legg mikla áherslu á að unnið verði gegn félagslegri mismunun í skólakerfinu. Ég trúi því einlægt að öll börn eigi að hafa jöfn tækifæri til menntunar. Forsenda þessa eru gjaldfrjálsir leik-, grunn- og framhaldsskólar sem bjóða upp á fjölbreytta námsmöguleika. Fjármögnun og skipulag háskólanáms þarf einnig að vinna gegn þeirri félagslegu mismunun sem farið hefur vaxandi á undanförunum árum.

Endurskoða þarf aðalnámskrár með tilliti til þess starfs sem raunverulega fer fram í skólum og fylgja þeim eftir með öflugum símenntunarframboði fyrir kennara og virku samstarfi við nemendur og foreldra. Ég vil vinna að því að í endurskoðaðri aðalnámskrá grunnskólanna verði mun meiri áhersla lögð á fjölbreytta kennsluhætti, menntun til sjálfbærrar þróunar, jafnrétti og lýðræðislega umræðu.

Ég vil berjast fyrir réttlátu, herlausu velferðarsamfélagi að norrænni fyrirmynd þar sem allir eru jafnir fyrir lögum óháð kyni, kynhneigð, lífsskoðunum, litarhætti, stöðu og efnahag. Fyrsta verkið í þessari baráttu er að mínu mati að bæta réttarstöðu fórnarlamba kynbundins ofbeldis.“

LILJA MÓSESDÓTTIR

REYKJAVÍK

FÆDD 11. NÓVEMBER 1961

2. SÆTI



Lilja ólst upp í Grundarfirði en býr í Breiðholtinu. Hún er doktor í hagfræði og hefur starfað sem sérfræðingur og háskólakennari. Undanfarin ár hefur Lilja m.a. starfað sem prófessor við Háskólann á Bifröst, hagfræðingur ASÍ, ráðgjafi Grænlenku heimastjórnarinnar og við Háskólann í Luleaa í Svíþjóð. Lilja hefur stjórnað umfangsmiklum evrópskum rannsóknarverkefnum á sviði vinnumarkaðs- og velferðarmála. Auk þess hefur hún setið í stjórn fyrirtækis, norrænnar rannsóknarstofnunar og í ýmsum opinberum nefndum. Lilja hefur starfað í grasrótahópum búshaldabyltingarinnar og flutt ræður á borgarafundum og mótmælafundi Radda fólksins á Austurvelli. Hún var virk í Kvinnalistanum og hefur unnið mikið með kvennahreyfingunni. Lilja er gift Ívari Jónssyni forstöðumanni þjóðdeildar Landsbókasafnsins og sonur þeirra er Jón Regínbaldur, menntaskólanemi.

Stjórn málin eiga að snúast um réttlæti. Laun og bætur eiga að nægja til framfærslu. Hækka verður fjármagnstekjuskatt og taka upp fjölþrepa tekju- og eignaskatt til að auka tekjur ríkissjóðs og jafna tekjur fólks. Til að tryggja atvinnu þarf að gera starfsfólkinu kleift að eignast lífvænleg fyrirtæki sem ekki fæst ásættanlegt verð fyrir. Koma þarf á öflugum eftirlitskerfi og skera þarf á hagsmunatengsl fyrirtækja, fjölmiðla og stofnana með dreifðu eignarhaldi. Auk þess þarf að innleiða faglegt hæfnismat við ráðningar og koma á atvinnulýðræði.

Markmið hagstjórnar á að vera að auka efnahagslega velferð og jöfnuð innan marka sjálfbærrar þróunar. Lönd með hátt atvinnustig og mikinn kynjajöfnuð búa við mesta efnahagslega velmegun. Niðurskurður á ríkisútgjöldum mun gera kreppuna enn dýpri og birtast í meira atvinnuleysi og landflotta en ella. Efnahagsstefnan verður að taka mið af aðstæðum hér á landi í stað þess að vera beygð undir hugmyndafræði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.



PAUL NIKOLOV

REYKJAVÍK

FÆDDUR 18. DESEMBER 1971

1.-3. sæti

Paul fæddist í Bandaríkjunum og fluttist til Íslands í september 1999. Hann er giftur listakonunni Kremena Nikolova-Fontaine og á eina dóttur, Yuliu, sem verður þriggja ára í apríl á þessu ári. Paul er fyrsti varapingmaður Vinstihreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavíkurborgardæmi norður og hefur tvisvar tekið sæti á Alþingi á yfirstandandi kjörtímabili.

Paul leggur mesta áherslu á þrennt: Atvinnusköpun, endurlífgun almenningssamgangna og bætt borgarskipulag.

Í fyrsta lagi þarfnast vegir okkar, hafnir og brýr viðgerða sem í felast mörg atvinnutækifæri. Við þurfum að sækja meira fram í tækniðnaði og við eigum að flytja út þekkingu okkar á jarðhitaorku til landa sem myndu vilja þróa þá tækni áfram.

Í öðru lagi er almenningssamgöngum stórlega ábótavant. Við þurfum fleiri strætisvagna á göturnar, til fleiri staða. Við eigum jafnframt að þróa léttlestarkerfi sem myndi skapa atvinnutækifæri og bæta samgönguhætti.

Í þriðja lagi á skipulag, bæði í höfuðborginni og úti á landi, að vera í anda stöðugar, náttúruvænnar og vinalegrar umhverfisstefnu sem bæði þjónar iðnaði og íbúum, auk þess sem slíkt gerir okkur kleift að njóta okkar fallega landslags.

RENÉ BIASONE
REYKJAVÍK
FÆDDUR 2. JANÚAR 1970
4.-6. SÆTI



René er 39 ára gamall Ítali með íslenskan ríkisborgararétt og hefur búið á Íslandi síðan í júní 2000. Hann er kvæntur Pálinu S. Sigurðardóttur og eiga þau tvær dætur.

René er landafræðingur og sagnfræðingur, hóf doktorsnám við HÍ árið 2002 og hefur klárað þrjú ár á doktorsstigi við viðskiptafræðideild. Með námi hefur hann unnið sem stuðningsfulltrúi hjá Ás styrktarfélagi og unnið við rannsóknir hjá Viðskiptafræðistofnun HÍ.

René er jafnréttis-, réttlætis- og náttúruverndarsinni og telur að félagshyggja og umhverfisvænt hagkerfi og lífstill séu nátengt hvert öðru. Honum finnst að siðgæði opinberra aðila ætti að vera til fyrirmyndar fyrir Íslendinga og þess vegna vill hann berjast gegn spillingu og frændahyggju sem hefur meðal annars dregið landið inn í núverandi efnahagskreppu.

René vill vinna að því að bæta lífsgæði Íslendinga og auka fjölbreytni í atvinnutækifærum á landsbyggðinni, sem og í Reykjavík. Hann hefur áhuga á málum sem varða samskipti Íslands við önnur Evrópuríki, einkum Norðurlöndin, og finnst mikilvægt að skoða hvernig þau samskipti geta og skuli þróast í framtíðinni.

René telur sig eiga samleið með VG í þeirri pólitísku og þjóðfélagslegu baráttu sem framundan er. Hann vill leggja sinn skerf til málstaðar VG, ekki síst vegna þess að sem útlendingur á Íslandi getur hann verið nokkurs konar tákn fjölmenningslegs anda hreyfingarinnar.



SIGVARÐUR ARI HULDARSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 16. APRÍL 1965

4.-5. sæti

Sigvarður Ari nam sagnfræði við Háskóla Íslands en rekur nú tölvufyrirtæki sem hann stofnaði ásamt vini sínum fyrir fimm árum. Tónlistariðkun hefur verið hans helsta áhugamál auk þess að skipta sér af stjórn- og félagsmálum. Miklum tíma hefur hann varið í alls kyns grasrótahræfingum og er líklega óhætt að kalla hann „aktivista“.

Sigvarður Ari er lýðræðissinnaður umhverfisverndarmaður með rætur í sósíalísku lífsviðhorfi. Hann er fylgjandi skynsamlegri nýtingu auðlinda í anda sjálfbærrar þróunnar og vill að Íslendingar gangi frekar á undan með góðu fordæmi en séu ekki sífellt að kría út undanþágur frá alþjóðlegum samningum. Markaðinum þarf að setja skýran ramma svo hann verði ekki sá mælikvarði sem allt miðast við og jafnframt þarf að hafa virkara eftirlit með hringamyndun og fákeppni.

Á þessum erfiðu tímum hefur það komið berlega í ljós að breyta þarf mörgu í samfélagi okkar. Í nýrri stjórnarskrá væri hægt að tryggja heiðarlegri og gegnsærri stjórnsýslu með skýrari mörkum milli löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds; þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg mál, jafnt vægi atkvæða, skýr mannréttindaákvæði s.s. um jafnrétti kynja, aukið persónukjör og að tryggt verði að auðlindir Íslands verði í þjóðareign. Til þess að lýðræðið geti virkað í reynd verður að bæta aðgengi að upplýsingum úr stjórnsýslunni og tryggja að fjölmiðlar verði sem óháðastir.

Sigvarður Ari tekur undir hugmyndir sem komið hafa fram um Almannaþing sem starfi við hlið Alþingis. Með því að þróa áfram þessa aðferð, sem felur í sér virkt beint lýðræði, væri hægt að lyfta lýðræðinu upp á hærra plan (www.cny.is/almannathing).

STEINUNN ÞÓRA ÁRNADÓTTIR

REYKJAVÍK

FÆDD 18. SEPTEMBER 1977

4. SÆTI



Steinunn er dóttir Láru Jónu Þorsteinsdóttur kennara í Hafnarfirði og Árna Sveinbjörnssonar trillukarls og verkamanns í Neskaupstað. Eiginmaður hennar er Stefán Pálsson sagnfræðingur. Eiga þau þriggja ára gamla dóttur og von er á öðru barni á næstu vikum.

Steinunn er öryrki og varapingmaður Vinstri grænna í Reykjavíkurlkjördæminorður, auk þess sem hún stundar MA-nám í mannfræði við Háskóla Íslands. Hún hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir ýmis félagasamtök og setið í stjórnnum þeirra. Má þar nefna Samtök herstöðvaandstæðinga, MS-félag Íslands, Reykjavíkurfélag Vinstri grænna og Öryrkjabandalag Íslands.

Endurreisn og endursköpun íslensks samfélags stendur fyrir dyrum. Til að hún megi takast sem best verður kjarajöfnuður, félagslegt réttlæti, jafnrétti kynjanna og sameiginleg velferð okkar allra að vera markmiðið.

Undirstaða traustrar velferðar hlýtur að vera fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem byggist á sjálfbærri nýtingu auðlinda og réttlátri skiptingu arðsins.

Andúð á ofbeldi og hermennsku er ein af grunnstoðum hreyfingar okkar. Ísland á að bera gæfu til þess að standa utan allra hernaðarbandalaga og tala máli friðar og afvopnunar á alþjóðavettvangi. Jafnframt er brýnt að standa gegn þeirri hernaðar- og valdshyggju sem færst hefur í vöxt í íslensku samfélagi á undanförunum árum.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

REYKJAVÍK

FÆDD 24. ÁGÚST 1964

1. sæti

Svandís er fædd á Selfossi en hefur búið í Reykjavík nánast alla sína tíð. Hún var stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1983, lauk BA-prófi í almennum málvísindum og íslensku við Háskóla Íslands og stundaði meistaranám í íslenskri málfræði. Á námsárunum starfaði Svandís víða um land, mest í Hrísey. Hún hefur unnið við rannsóknir á íslenska táknmálinu, táknmálstúlkun, stjórnun og kennslu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og við Háskóla Íslands í 13 ár. Varð svo framkvæmdastjóri Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fram að borgarstjórnarkosningunum 2006 þegar hún tók sæti borgarfulltrúa. Svandís er gift Torfa Hjartarsyni og á fjögur börn.

Áherslumál Svandísar falla vel að stefnumálum Vinstri grænna og hefur hún unnið þeim áherslum brautargengi í borgarstjórn Reykjavíkur á yfirstandandi kjörtímabili. Þar ber hæst þá frumskyldu að standa ávallt vörð um almannahagsmuni og að vel og skynsamlega sé farið með almannafé með jöfnuð og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Krafan um opin og heiðarleg vinnubrögð og gagnsæja stjórnsýslu skipar þar öndvegi.

Í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur Svandís, sem fulltrúi flokksins, komið í veg fyrir hlutafélagavæðingu hennar, sett niður fótinn í hinu margumrædda REI-máli og lagt í framhaldinu áherslu á opnari vinnubrögð innan Orkuveitunnar í þverpólitískri sátt. Jafnframt hefur Svandís lagt fram fjölda tillagna sem lúta að kvenfrelsis- og mannréttindamálum en einnig í umhverfis- og velferðarmálum.

Þau verkefni sem eru næst á dagskrá við stjórn landsins þarfnast vinstri grænna sjónarmiða. Svandís er reiðubúin að leggja sitt af mörkum við úrlausn þeirra.

VILHJÁLMUR ÁRNASON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 16. APRÍL 1968

4.-5. SÆTI



Vilhjálmur hefur unnið að margskonar ólaunaðri samfélagslegri þjónustu undanfarin 7 ár, m.a. í fangelsum, nýjum kirkjum og á stofnunum, þar sem hann hefur komist að því að hans æðsti tilgangur er samfélagsleg þjónusta. Undanfarna mánuði hefur hann verið í undirbúningshóp borgarafundanna og Hagsmunasamtökum heimilanna en báðir hóparnir hafa unnið stórvirki í pólitísku landslagi á Íslandi, ásamt fleirum. Jafnframt er hann í trúnaðarráði fyrir nýtt framboð Lífeyrissjóðs verslunarmanna, L-lista. Undanfarin ár hefur hann haft lífsviðurværi sitt af verslunarstörfum og sölumensku.

Vilhjálmur vill að líf sé upp hafið og andleg og líkamleg heilsa sé metin ofar öllum öðrum verðmætum. Hann vill sjá lýðræðislegar umbætur strax, endurskoðun stjórnarskrár og kosningalöggjafar er brýn og hann styður stjórnlagabing. Stuðla þarf að óspilltu kerfi, að almenn mannréttindi séu virt og krafan um jöfnuð.

Vilhjálmur vill sjá ábyrga hagstjórn og útlánastefnu, útrýmingu verðbólgu og stuðning við aðrar þjóðir. Hann vill peningamálastefnu með rökum sem við getum sameinast um og leggur grunn að gjaldmiðlafyrirkomulagi á Íslandi, utan Evrópusambandsins. Hún á að stuðla að sparnaði hjá bönkum og almenningi og réttum hlutföllum í hagkerfi og samfélagi.

Endurnýjun hagkerfisins á að vera í átt að sjálfbærri þróun. Orku á að nýta sem best hér á landi, með tilliti til umhverfispáttá. Kvóta á að færa aftur í einhverju magni til smábáta strax og koma til móts við mannréttindadómstólinn í Haag möglunarlaust. Koma þarf í veg fyrir að bankar fái að rísa aftur til yfirstærðar í skjóli verðtryggingar og ofurvaxta, sjálfum sér og borgurum til tjóns. Endurskoða þarf fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og lífeyriskerfið í heild sinni.

Stefnuýfirlýsing VG er eins og skrifuð úr hjarta mér og legg ég glaður krafta mína við þá stefnu, auk minna áherslumála.



ÞORVALDUR ÞORVALDSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 19. OKTÓBER 1957

1.-3. sæti

Þorvaldur lauk sveinsprófi í trésmíði árið 1977. Síðan hefur hann starfað við það að mestu fyrir utan sjómennsku eina vertíð, eitt ár við kennslu í Hrísey og þrjú ár í Tækniháskóla Íslands þar sem hann útskrifaðist sem byggingaiðnfræðingur 1992. Undanfarinn áratug hefur hann starfað sjálfstætt við byggingaframkvæmdir. Þorvaldur er fráskilinn og á þrjár fullorðnar dætur og tvö barnabörn.

Þorvaldur hefur tekið þátt í ýmsu félagsstarfi og stjórnmalastarfi í rúm 30 ár. Hann er stofnfélagi í VG og sat í stjórn floksins fystu árin. Hann stóð að stofnun Hagsmunasamtaka heimilanna nýverið og situr í stjórn þeirra.

Þorvaldur leggur áherslu á nauðsyn þess að vinna ofan af einkavæðingarstefnunni sem leitt hefur miklar hörmungar yfir íslenskt samfélag og koma í veg fyrir að allt fari í sama farið aftur. Tryggja þarf að ríkið sjái almenningi og fyrirtækjum fyrir fjármálaþjónustu á sanngjörnu verði. Tryggja þarf að auðlindir þjóðarinnar verði í reynd í eigu þjóðarinnar og hún njóti afraksturs af þeim og ekki verði hægt að veðsetja þær og braska með þær. Efla þarf heilbrigðis- og menntakerfið á félagslegum grunni. Auka þarf jöfnuð í samfélaginu, ekki bara gegnum skattakerfið heldur frá grunni. Til þess þarf að efla alla félagslega þætti samfélagsins.

Þorvaldur er andvígur aðild að ESB og telur að hún mynda svifta okkur forræði yfir auðlindunum og sjálfstæðri stefnu í landsmálum.

ANDRÉS INGI JÓNSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 16. ÁGÚST 1979

3.-4. SÆTI



Andrés býr ásamt eiginkonu sinni, Rúnu Vigdís Guðmarsdóttur, í Norðurmýri í Reykjavík. Hann er með BA-gráðu í heimspeki frá Háskóla Íslands og MA-gráðu í átakafræði frá alþjóðasamskiptadeild University of Sussex á Bretlandi. Að námi loknu ritstýrði hann tímariti landsnefndar UNIFEM árið 2007 og hóf eftir það störf á 24 stundum. Sem blaðamaður einbeitti hann sér mest að erlendum fréttum. Útgáfa 24 stunda lagðist af í upphafi kreppu, og hefur Andrés verið í atvinnuleit síðan.

Næstu ár mun ríkið neyðast til að draga úr útgjöldum á flestum sviðum. Tryggja þarf að sá niðurskurður komi sem minnst niður á fólkinu í landinu. Til þess er brýnt að halda baráttumálum VG hátt á lofti innan veggja Alþingis. Þessi sömu mál þurfa að vera hornsteinn endurreisnar Íslands – landsins þar sem manneskjan er sett í fyrsta sæti. Jöfnuður og félagslegt réttlæti verða að vera forgangsmál á þessum umbrotatímum þegar fólk verður að geta treyst því að ríkið tryggi sterkt samfélagslegt öryggisnet.

Stöðu Íslands á alþjóðasviðinu verður að taka til gagngerrar endurskoðunar. Meta verður raunverulegar öryggisþarfir þjóðarinnar í stað þess að miða varnir landsins við úrelta kaldastríðshugmyndafræði – hugmyndafræði sem láðist að huga að vörnum gegn efnahagsögnum.

Andrés Ingi vill leggja sitt af mörkum til að grunnildi VG móti nýtt og betra Ísland. Í því skyni telur hann bráðnauðsynlegt að ákvarðanaferli stjórnvalda sé opið og gegnsætt og að þingmenn gleymi ekki þeirri augljósu staðreynd að þeir séu starfsmenn þjóðarinnar.



ANNA ÓLAFSDÓTTIR BJÖRNSSON

REYKJAVÍK

FÆDD 4. JÚNÍ 1952

1.-3. sæti

Anna er gift Ara Sigurðssyni og þau eiga tvö uppkomin börn. Hún er sagnfræðingur og vinnur m.a. að því að skrifa 50 ára sögu Sjálfsbjargar fyrir vefinn. Hún hefur starfað við blaðamennsku, sagnfræðirannsóknir og –ritun, sérfræðistörf á sviði hugbúnaðargerðar og skapandi störf, m.a. myndlist. Anna var þingkona á árunum 1989-1995. Með skóla starfaði Anna sem uppvaskari í þremur löndum, stundaði rannsóknarstörf á tilraunastöð, vann við heyskap, var kaffistelpa í Búnaðarfélaginu og spyrill í City of London.

Nú gefst fágætt tækifæri til að hrinda hugsjónum í framkvæmd. Heimsmynd græðginnar er hrunin og tækifæri til að byggja réttlátara samfélag. En fyrst þarf að bretta upp ermar og koma þjóðinni út úr vanda nýfrjálsbyggjunnar. Anna er reiðubúin til að taka ærlega til hendinni í þeirri tiltekt sem vonandi verður leidd af Vinstri grænum.

Helstu baráttumál Önnu eru uppbygging réttláts samfélags, að jafnrétti sé tryggt og kynbundið misrétti og ofbeldi ekki þolað. Allir eigi rétt á að lifa mannsæmandi lífi. Menntun sé skýlaus réttur allra. Styttri vinnutími í þágu velferðar, fjölskyldulífs og aukinnar framleiðni. Nýsköpun og stuðningur við smærri fyrirtæki, t.d. í hugbúnaðargerð og sjálfbærri ferðaþjónustu. Sparnaður mótaður af fagfólki í hverri grein. Þjóðin fái svigrúm til upplýstrar umræðu um ESB.

ARI MATTHÍASSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 15. APRÍL 1964

2. SÆTI



Ari er menntaður leikari frá Leiklistarskóla Íslands, hefur meistaragráðu í stjórnun og viðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík, er með skipstjórnarréttindi og leggur stund á meistaranám í hagfræði í Háskóla Íslands. Hann hefur starfað sem togarasjómáður, leikið, leikstýrt og framleitt, starfað við markaðsstörf og ráðgjöf og verið stjórnandi í heilbrigðisstofnun. Ari giftist 1986 Gíju Tryggvadóttur tannfræðingi og eiga þau þrjú börn á aldrinum tíu til tuttugu og eins árs. Samhliða störfum hefur Ari verið valinn til margháttaðra trúnaðarstarfa af samferðamönnum sínum og verið í stjórn KR-sport, gegnt trúnaðarstörfum fyrir FÍL, setið í stjórn og framkvæmdastjórn SÁÁ og verið formaður leikara við Borgarleikhúsið.

Ari leggur mikla áherslu á að staðinn verði vörður um velferðarkerfið og fjárhagslegt öryggi heimilanna. Hann vill auka jöfnuð og félagshyggju og þannig færa þjóðfélagið aftur nær því sem tíðkast hjá frændum okkar á Norðurlöndum. Ari telur að mikilvægt sé að tryggja jafnan aðgang allra að heilbrigðis- og skólakerfinu og því komi ekki til greina að auka gjalddókur af notendum, enda yrði slíkt einungis til þess að þeir sem standa höllum fæti þurfi frá að hverfa. Ari vill lágmarka tjón okkar af óreiðumönnunum og koma illa fengnum auði aftur inn í velferðarkerfið.

Ari minnr á að kaupmáttur og lífskjör á Íslandi voru með því besta sem gerist í heiminum og telur enga ástæðu til að efast um að svo geti orðið að nýju. Til þess að allir geti af heilum hug hafið hina mikilvægu uppbyggingu þarf að auka heilindi og fá nýja þjóðarsátt sem byggir á auknum jöfnuði og félagshyggju.



ARNÓR PÉTURSSON

HAFNARFIRÐI

FÆDDUR 14. NÓVEMBER 1949

1.-4. sæti

Arnór er sérfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins þar sem hann hefur starfað frá 1974. Fyrir það vann hann á sjó. Hann er gagnfræðingur frá Gagnfræðaskóla Akraness, með skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum, hefur stundað nám við Menntaskólans við Hamrahlíð og setið margvísleg námskeið. Arnór lamaðist í bifreiðarslysi árið 1971 og hefur verið í hjólastjól síðan. Hann er fráskilinn, á eina dóttur, fjögur barnabörn og tvo langafabörn.

Arnór var formaður Sjálfsbjargar, landsambands fatlaðra í 6 ár, í stjórn Nordisk handikapp forbund í 6 ár og í stjórn ÖBÍ í 6 ár. Hann var fyrsti formaður fyrsta íþróttafélags fatlaðra á Íslandi (Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík) í 13 ár, formaður bygginganefdar ÍFR á meðan á byggingu þess stóð og er nú formaður hússtjórnar íþróttahúss ÍFR.

Arnór er mjög virkur í félags- og hagsmunabaráttu fatlaðra. hann telur brýnt að full réttindi þegnanna séu virt, bæði í orði og á borði. Því miður vantar enn nokkuð á jafnrétti kynjanna og ekki síst jafnrétti fatlaðra og aldraðra. Fólk á að geta lifað með reisn, án þess að hafa áhyggjur af því hvort endar nái saman um hver mánaðamót. Hann telur brýnt að endurskoða almannatryggingalögin, atvinnuleysisbætur og framfærsluástoð sveitarfélaganna.

Arnór telur brýnt að endurskoðun stjórnarskrárinnar verði lokið um næstu áramót og réttindi almennings til ákvarðanatöku verði meiri. Jafnframt þarf að móta og samræma reglur um hvalveiðar og nýtingu þeirra auðlinda sem Íslendingar eiga. Taka verður fullt tillit til náttúrunnar og þeirra auðæfa sem í henni felst.

Arnór telur mikilvægt að stjórn málaflökkar og Alþingi endurspegli þverskurð þjóðarinnar. Því telur hann að maður með hans lífsreynslu og þekkingu á högum fólks eigi fullt erindi í þann hóp.

AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR

REYKJAVÍK

FÆDD 23. ÁGÚST 1979

2.-3. SÆTI



Auður starfar sem mannauðsráðgjafi hjá Framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar. Áður hefur hún starfað sem þjónustufulltrúi í bönkum, við afgangi- og fiskvinnslustörf. Auður er með meistaraþáttu í opinberri stjórnsýslu og BA-gráðu í stjórnmálafræði. Auður er gift Frey Rögnvaldssyni, blaðamanni og þau eiga dótturina Freyju Sigrúnu.

Auður var formaður Ungra vinstri grænna árin 2006-2008 og hefur á yfirstandandi kjörtímabili setið tvisvar á Alþingi sem fyrsti varaþingmaður VG í Reykjavíkarkjördæmi syðra þar sem hún m.a lagði fram breytingu á lögum um Lánaþjóf íslenskra námsmanna og þingsályktunartillögu um úttekt á réttindum og skyldum námsmanna.

Auður hefur verið virk í hagsmunabaráttu stúdenta og telur grundvallaratriði að hér ríki jafnrétti til náms á öllum námsstigum. Hún vill nýta skattkerfið til að fjármagna öflugt velferðarsamfélag þar sem engum er mismunað og enginn verður útundan. Til að svo megi vera telur hún nauðsynlegt að setja markaðsöflunum skorður með skilvirkri löggjöf, tryggja réttláta tekjuskiptingu og lýðræðislega stjórnarhætti. Aukin einkavæðing undanfarin ár hefur fært völd frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum til einkaaðila. Einkavæðing er í eðli sínu andlýðræðisleg og á alls ekki heima í stofnunum og fyrirtækjum sem sýsla með almannahagsmuni. Í þeim aðstæðum sem við stöndum frammi fyrir í dag er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að tryggja að ekki verði vegið að grundvallarstöðum íslensks velferðarsamfélags. Auður telur þó að margt sé hægt að gera til að skera niður útgjöld ríkisins, t.a.m. að leggja niður Varnarmálastofnun, ganga úr NATO, hætta heræfingum í íslenskri lögsögu, enda á Ísland að vera herlaust land, friðlýst fyrir efna- og kjarnavopnum.



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

REYKJAVÍK

FÆDD 1. MAÍ 1951

1.-2. sæti

Álfheiður er líffræðingur og var útgáfustjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands og ritstjóri Náttúrufræðingsins í tíu ár áður en hún tók sæti á Alþingi fyrir tveimur árum. Áður starfaði hún m.a. við blaðamennsku og að borgarmálum í Reykjavík; sat í stjórn Landsvirkjunar, í jafnréttisráði og stjórn Sorpu bs. og var formaður umhverfisráðs um tíma. Maki Álfheiðar er Sigurmar Kristján Albertsson hrl. og sonur þeirra er Ingi Kristján, f. 1991.

„Við stöndum á miklum tímamótum. Í kosningunum í vor þarf bæði að felast uppgjör við efnahagshrunið og nýfrjálshyggjuna en einnig vegvísir til framtíðar. Á úrslitum kosninganna ræðst á hvaða grunni við byggjum nýtt Ísland. Það hefur líklega aldrei verið mikilvægara að vernda velferðarkerfið fyrir niðurskurði og beinum árásum þeirra sem vilja markaðsvæða samfélagsþjónustuna. Hlutverk okkar vinstri grænna er að standa þá vakt á komandi árum. Framtíðarsýn okkar um samfélag sem virðir manngildi og samábyrgð á brýnt erindi um þessar mundir.

Kjörtímabilið hefur verið viðburðarríkt í meira lagi, það hófst í harðri stjórnarandstöðu en lýkur nú með því að Vinstri græn eru í fyrsta sinn þátttakendur í ríkisstjórn eftir að vanhæf ríkisstjórn hrökklaðist frá völdum.


Á þessum stutta tíma hef ég fengið tækifæri til þess að vinna að nýjum og gömlum baráttumálum á sviði heilbrigðismála og auðlindanýtingar og á síðustu mánuðunum einnig að stefnumörkun vinstri grænna í banka- og peningamálum. Eftir stjórnarskiptin hef ég verið formaður í viðskiptanefnd þingsins og varaformaður þingflokksins. Ég vil taka þátt í að byggja nýtt Ísland á hugmyndafræðilegum grunni sjálfbærrar þróunar, félagslegs réttlætis og aukins lýðræðis. “

ÁRNI BJÖRN GUÐJÓNSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 6. APRÍL 1939

3. SÆTI



Árni Björn lauk prófi í húsgagnasmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1962, stundaði nám í Myndlistarskólanum í Reykjavík í málun og teikningu árin 1957-1962 og var í Tækniskóla Íslands á árunum 1967-1970. Hann hefur sótt ýmis námskeið á vegum Samtaka Iðnaðarins, hefur meistarábréf í húsgagnasmíði, rak Trésmiðjuna Árfell í Reykjavík árin 1975-1985 og stundaði verslunarrekstur á árunum 1997-2004.

Árni Björn var tvisvar í framboði fyrir Kristilega Lýðræðisflokkinn í Reykjavík 1995 og 1999 og sótti þing Kristilegra flokka í Brussel í desember 2006. Hann er fráskilinn, fjögurra barna faðir og hefur stundað málalíst undanfarin ár og haldið nokkrar sýningar.

Árni styður stefnu VG um jöfnuð og félagslegt réttlæti, kvenfrelsi og náttúruvernd. Hann telur nauðsynlegt að berjast gegn nýfrjálshyggjustefnu Sjálfstæðisflokksins sem hefur komið þjóðinni á kaldan klaka. Einnig hefur Árni sett fram tillögur um fiskveiðistjórnun, sem felst í því að landshlutar hafi forræðið yfir úthlutun aflaheimilda. Hann telur mikilvægt að nú þegar verði verðlag og vextir lækkaðir þannig að koma megi í veg fyrir gjaldþrot .



ÁRNI HARALDSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 5. NÓVEMBER 1970

2.-4. sæti

Árni er rafmagnsiðnfræðingur að mennt. Hann er giftur Ruth Mary Shortall sem er að ljúka meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræði í Háskóla Íslands. Hann á tvo syni af fyrra hjónabandi þá Harald Ara og Arnór Tuma. Árni ólst upp í miðbæ Reykjavíkur, gekk í Austurbæjarskóla og tók sveinspróf í rafvirkjun frá Iðnskólanum í Reykjavík. Hann útskrifaðist sem rafmagnsiðnfræðingur frá Tækniháskóla Íslands árið 1996.

Árni starfaði sem rafvirki í fjögur ár og sem rafmagnsiðnfræðingur hjá Rafteikningu hf í tvö ár. Frá árinu 2000 hefur hann unnið sem sérfræðingur hjá Íslandssíma, tekið þátt í uppbyggingu Magnet Networks í Írlandi og hjá Icecell GSM á Íslandi þar sem hann lét af störfum í janúar síðastliðnum.

Árni vill styðja við nýsköpun og sprotastarf, jöfnuð, jafnrétti og réttlæti, tæknisamfélag á Íslandi, umhverfismál og Evrópumál. Hann vill beita sér fyrir auknum stuðningi við nýsköpun og sprotastarf, sjá Ísland leiðandi í jafnrétti á heimsvísu, gera Ísland að miðstöð fjarskipta milli Evrópu og Bandaríkjanna og að umhverfismálum verði gert hátt undir höfði. Ísland á að verða leiðandi í umhverfismálum á heimsvísu með fordæmi sjálfbærni þjóða.

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

REYKJAVÍK

FÆDDUR 30. JÚLÍ 1960

2. SÆTI



Árni Þór Sigurðsson er alþingismaður og skipaði 2. sæti í Reykjavíkurrkjördæmi norður í þingkosningunum 2007. Árni Þór er fæddur í Reykjavík 30. júlí 1960, er kvæntur Sigurbjörgu Þorsteinsdóttur ónæmisfræðingi og börn þeirra eru þrjú: Sigurður Kári, Arnbjörg Soffía og Ragnar Auðun.

Árni Þór lauk prófi í hagfræði og rússnesku frá Oslóarháskóla og stundaði framhaldsnám í Stokkhólmi og Moskvu. Árni var fréttamaður hjá RÚV og Þjóðviljanum og starfaði í samgönguráðuneytinu og hjá Kennarasambandinu. Hann var borgarfulltrúi í Reykjavík 1994-2007. Í borgarstjórn vann hann m.a. að leikskólamálum, umhverfis- og samgöngumálum og skipulags- og hafnarmálum og var forseti borgarstjórnar. Hann sat í stjórn Sambands sveitarfélaga og var fulltrúi þess á Evrópuráðsþinginu í Strasbourg 2003-2007. Á Alþingi hefur Árni Þór einkum beitt sér í umhverfismálum, samgöngu- og sveitarstjórnarmálum og málefnum heimila og atvinnulífs. Hann er nú formaður utanríkismálanefndar. Árni Þór er félagi í Heimssýn, Samtökum hernaðarandstæðinga og Amnesty International.

Meginverkefni á komandi misserum verður að reisa íslenskt samfélag úr rústum nýfrjálshyggjunnar og skjóta undir það nýjum lýðræðisstoðum. Ennfremur þarf að endurheimta traust milli þjóðarinnar og stjórnmalanna, sem og orðstír Íslands. Árni Þór telur brýnt að tryggja fjárhagslegt öryggi heimila og atvinnulífs og treysta undirstöður velferðar og menntunar. Hann vill sérstaklega beita sér fyrir kjarajöfnun, kynjajafnrétti og lýðræðislegum stjórnarháttum. Forsenda þess að það takist að skapa nýtt og betra samfélag sem standi traustum fótum er að endurmótunin byggji á stefnu Vinstri grænna um samstöðu, jöfnuð og félagslegt réttlæti, kvenfrelsi og umhverfisvernd.



Skrifstofa VG
Suðurgata 3, 101 Reykjavík
S. 552 8872
vg@vg.is

